

Hér er matseðillinn hjá sumarskóla Breiðabliks. Allir leiðbeinendur, hjá hverju og einu námskeiði, fá armbönd sem þau láta börnin fá sem eru skráð í mat um morguninn þegar börnin mæta. Það hefur komið að skráningin í matinn hefur ekki farið í gegn svo mikilvægt er að foreldrar passi að börnin sín séu skráð í mat og þar með fái armbönd.

Þegar námskeiðin eru búin, klukkan 12:00, er börnunum fylgt í mat. Hádegismaturinn verður á annari hæð Smárans, í veislusalnum þar. Þegar börnin eru búin að borða er þeim fylgt niður í íþróttasal Smárans og þar eru þau í gæslu þangað til klukkan verður 13:00. Þau börn sem eru ekki á námskeiði eftir hádegi eru sótt þangað, ef þau mega hjóla eða labba sjálf heim eftir gæsluna klukkan 13:00 er mikilvægt að láta Sóllilju vita af því í tölvupósti, (sumarnamskeid@breidablik.is). Mikilvægt er að sækja þau í íþróttasalinn á réttum tíma. Leiðbeinendur hvers námskeiðs koma og sækja þau börn sem eru á námskeiði eftir hádegi í íþróttasal Smárans.

Hér er matseðillinn:

Mánudagur	Þriðjudagur	Miðvikudagur	Fimmtudagur	Föstudagur
Grísa snitzel í raspi	Grænmetisbuff	Fiskibollur	Lasagna (með kjöti)	Vínarpylsur

Ef einhverjar spurningar vakna er hægt að hafa samband við Sóllilju í gegnum tölvupóst: sumarnamskeid@breidablik.is eða í síma 4418912. ATH ef einhver er með ofnæmi, mjólkuróþol o.s.frv. er best að senda Sóllilju póst og láta vita af því.